

Stjórnarhættir

Eftir Svönu Helen Björnsdóttur

Eftir Svönu Helen Björnsdóttur: "Ef lífeyrissjóður á þess kost, á grundvelli eignarhalds, ætti hann að leitast við að tilnefna vel hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annað hvort einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila."

Nýverið bárust fréttir um átök innan Samtaka iðnaðarins. Meira að segja hefur heyrst að hallarbylting hafi verið gerð. Málið á sér nokkra forsögu sem mörgum er ókunn. Trúnaður minn við allt það góða fólk sem ég starfa með á vettvangi SI og spyr mig óspart ýtir mér til þess að opna umræðu um bakgrunn þess að átök af áður óþekktu tagi spretta fram.

Opnir stjórnunarhættir

Fyrst finnst mér nauðsynlegt að skýra mikilvægan þátt í sérstökum styrk Samtaka iðnaðarins sem á sér sögulegar rætur og hefur gert þau svo faglega og fjárhagslega sterk að einsdæmi hefur verið hér á landi að mínu mati.

Þegar fyrir lá það markmið viðreisnarstjórnarinnar, mestu afreksríkisstjórnar 20. aldar á Íslandi, að taka þátt í EFTA, fríverslunarsamstarfi Evrópuríkja, gekk Gylfi Þ. Gíslason viðskiptaráðherra á fund iðnrekenda í landinu og lýsti því yfir að án þeirra stuðnings kynni verkefnið að verða ríkisstjórninni um megn. Ákveðið var að efna til beinnar atkvæðagreiðslu meðal iðnrekenda um málið, sem fór á þann veg að stuðningurinn varð framvegis skýr, jafnvel þótt hann þýddi sársaukafulla umbreytingu fyrir þorra fyrirtækjanna. Hin stóra framfarasýn varð ofan á.

Faglegt starf mesta verðmæti SI

Alla tíð síðan, og frá stofnun Samtaka iðnaðarins fyrir 20 árum, hafa þessir opnu, lýðræðislegu stjórnunarhættir skapað samtökunum kjölfestu og aðildarfyrirtækjunum tryggingu fyrir því að enginn einn geti ginið yfir og rangsnúið markmiðum samtakanna. Til þess voru SI stofnuð að geta veitt fyrirtækjum í fjölbreyttum rekstri, hverju og einu, verðmæta þjónustu – enda greiða fyrirtækin verulegt fé til rekstrar samtakanna.

Segja skal hlutina eins og þeir eru

Hvað gerist ef þetta meginmarkmið vikur fyrir valdabaráttu sem snýst ekki um stefnu SI heldur aðgang að öðru og víðtækara valdi í viðskiptalífinu? Því er auðsvarað. Annars vegar verður engin stefna heldur bara undirmál. Hins vegar rýrnar þjónustan og hvert og eitt fyrirtæki fær minna fyrir félagsgjaldið sem það greiðir til SI.



Svana Helen Björnsdóttir

Hver er ástæða þeirra átaka innan SI sem sjá má ýmis merki um að undanförmu? Átökin hördnuðu í aðdraganda síðasta lönpings með undirmálum, án þess að raunveruleg umræða og skoðanaskipti hafi orðið sem upplýsa fólk um hvað átökin snúast.

Ný staða lífeyrissjóða – nýtt gegnsæi nauðsyn

Af reynslu minni af undirmálum sem beitt er til að þrýsta óeðlilega á hvern þann sem gegnir trúnaðarstarfi formanns SI legg ég hér með opinberlega til að umræða um val stjórnar SI á fulltrúum í stjórnir lífeyrissjóða verði opnuð upp á gátt og öllum félagsmönnum opnaður aðgangur að upplýsingum um þetta kerfi. Þar með verði ljós ítök, tengsl og áhrif sem stjórnarseta í lífeyrissjóðunum veitir. Í öðru lagi ber SI að móta opinbera stefnu um málefni lífeyrissjóða í landinu, breytta löggjöf og fjárfestingastefnu í samráði við félagsmenn á vettvangi allra starfsgreinahópa og í ráðgjafaráði. Þessir fundir ættu að vera opnir og fjölmiðlar geta fylgst með. Í þriðja lagi verður stjórn SI að starfa fyrir opnum tjöldum og setja á dagskrá að semja og samþykkja lýðræðislega ný ákvæði í félagslög SI um starfshætti, stefnumótun og t.d. hámarkstíma sem hver fulltrúi SI getur setið í stjórn lífeyrissjóðs.

Með þessu er ég ekki að halda því fram að til þessa hafi þetta starf verið óvandað eða spillt. Aðstæður í íslensku viðskiptalífi hafa hins vegar breyst mjög mikið á síðustu árum og lífeyrissjóðir fara nú með virka stjórnunarábyrgð í fleiri fyrirtækjum en nokkru sinni fyrr. Færin á einkaávinningi, liðssöfnun og myndun ríkisdæmis eru stórfelld og freistandi að beita áhrifum sem tiltæk eru. Við þessu verður að bregðast og siðvitið má þar ekki gleymast. Að öðrum kosti visnar heilbriggt félagsstarf iðnaðarins, íslenskt viðskiptalíf skaðast og undirstöðukerfi samninga á vinnumarkaði jafnframt.

Þetta er í takt við umræðu sem hefur átt sér stað innan Samtaka atvinnulífsins, heildarsamtaka allra atvinnulífssamtaka landsins. Almenn viðmið SA við val á fulltrúum er að viðkomandi séu fulltrúar þeirra atvinnugreina eða landssvæða sem greiða til viðkomandi lífeyrissjóðs, hæfir til stjórnarsetu útfrá þekkingu sinni og að jafnræði sé milli kynja. Þetta hefur leitt til þess að fleiri konur eru nú tilnefndar af SA í stjórnir lífeyrissjóða en karlar. SA hefur samráð við viðkomandi aðildarfélög þar sem það er talið eiga við. Í sumum tilvikum er hins vegar um beinar tilnefningar að ræða, líkt og tilnefningar SI til stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins og lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Tilnefningar í stjórnir félaga

Það er hlutverk stjórnar lífeyrissjóða að móta hluthafastefnu þar sem fram kemur hvernig viðkomandi lífeyrissjóður beitir sér sem hluthafi í þeim hlutfélögum sem hann á eignarhlut í. Ef lífeyrissjóður á verulegan eignarhlut í félagi er mikilvægt að vanda val stjórnarmanna í hvert félag, t.d. með því að lífeyrissjóður skipi sérstaka valnefnd til mats á hæfi stjórnarmanna. Verulegur eignarhlutur getur t.d. falið í því að félagið sé 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins, eða að sjóður eigi 5% eða hærri eignarhlut í tilteknu félagi, eða að sjóður sé meðal fimm stærstu hluthafa félagsins. Í þeim tilfellum þar sem eignarhlutur lífeyrissjóðs í félögum er óverulegur, eða undir áðurnefndum viðmiðum, er eðlilegt að stjórn tiltekins lífeyrissjóðsins afmarki aðkomu sína að stjórnun með þátttöku í valnefndum sem eru myndaðar sameiginlega með hluthöfum eða settar upp af félögum sjálfum. Mikilvægt er að slíkar valnefndir séu óháðar félaginu sjálfu.

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn lífeyrissjóðs ættu að sitja í stjórnun atvinnufyrirtækja í umboði viðkomandi sjóðs. Sömuleiðis ber að varast að stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs sitji í stjórnun fyrirtækja sem viðkomandi sjóður fjárfestir í.

Ef lífeyrissjóður á þess kost, á grundvelli eignarhalds, ætti hann að leitast við að tilnefna vel hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annað hvort einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila.

Í nokkrum lífeyrissjóðum hafa þegar verið myndaðar sérstakar valnefndir sem hafa það hlutverk að tilnefna stjórnarmenn í hvert félag. Til dæmis má vel hugsa sér að framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, forstöðumanni eignastýringar, stjórnarformanni og varaformanni stjórnar séu falin þessi trúnaðarstörf. Valnefnd getur síðan notið liðsinnis annarra við leit og val á stjórnarmönnum, eins og við á, t.d. stjórnarmanna, starfsmanna lífeyrissjóðs og/eða utanaðkomandi ráðgjafa. Einnig má vel hugsa sér að auglýst sé eftir stjórnarmönnum.

Faglegt ferli við val

Val á stjórnarmönnum sem lífeyrissjóður tilnefnir eða styður til stjórnarsetu í félagi þarf að byggja á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað. Sérstaklega þarf að huga að samsetningu stjórnar með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu og reynslu. Að auki þarf að huga að kynjahlutföllum og því að ekki komi til árekstra milli

hagsmuna félagsins og annarra hagsmuna sem stjórnarmenn gæta. Þeir einstaklingar sem lífeyrissjóðir velja til stjórnarsetu í félögum sem sjóðirnir eru eigendur að skulu leggja megináherslu á að viðkomandi félag skili viðunandi arðsemi svo fjárfesting sjóðsins bæti hag sjóðfélaga til lengri og skemmri tíma.

Mikilvægt er að sú nýja staða í íslensku atvinnulífi, þ.e. að lífeyrissjóðir fara með virka stjórn fyrirtækja, leiði ekki til blokkamyndana, liðssöfnunar, leppa í stjórnnum og annarra slíkra ósiða sem nú er rætt um hvarvetna nema opinberlega. Iðnaðurinn hefur alltaf staðið með leikreglum og frjálsum viðskiptum. Ekki síst þess vegna urðu Samtök iðnaðarins til og á því byggist styrkur þeirra.

Höfundur er verkfræðingur, stofnandi og stjórnarformaður Stika. Hún er fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins og gegnir margvíslegum trúnaðarstörfum á vettvangi atvinnurekenda. Hún á sæti í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.